

## Æskulýðsfylkingin á Akureyri

2013/46

Æskulýðsfylkingin á Akureyri var stofnuð í nóvember 1938, stuttu eftir að Æskulýðsfylkingin var stofnuð.

Æskulýðsfylkingin varð til þegar að ungir sósíalistar sem tilheyrðu Sambandi ungra jafnaðarmanna og Sambandi ungra kommúnista sameinuðust á æskulýðsþingi sem var haldið í Reykjavík í nóvember 1938. Höfðu þessi sambönd, þrátt fyrir lítinn skoðanamun, barist á banaspjótum en þennan dag ríkti eining um sameiningu og voru lög og stefnuskrá samin á fundinum fyrir hið nýja samband. Samtímis var hvatt til þess að stofnaðar yrðu æskulýðsfylkingar um allt land þar sem áhugi væri fyrir og hægt að koma því við. Áttu þær að heita eftir bæjunum þar sem þær voru stofnaðar t.d. Æskulýðsfylkingin á Ísafirði, á Akureyri o.s.frv.

Æskulýðsfylkingin gaf út blaðið Landneminn sem var mál gagn þeirra.

Æskulýðsfylkingin á Akureyri var með málfundahóp, sem hóf starfsemi 1947 og leshring frá 1948.

Fylkingin hélt reglulega fundi þar voru flutt ýmiskonar fræðsluerindi m.a. um Marx og kjarnann í kenningum marxisma. Einnig voru fundir um allskonar málefni t.d. bæjarmál og fundi þar sem var teflt.

Æskulýðsfylkingin á Akureyri hélt uppi öflugum félagsstarfi sérstaklega á sjötta áratugnum og var með árshátíðir og kaffikvöld þar sem sýndar voru kvikmyndir og allskonar skemmtiatriði.

Hún virðist hafa lognast út af einhverntíman snemma á sjöunda áratugnum.

Afhendingin barst frá Þráni Karlssyni á Akureyri.

Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

13. nóvember 2024

Katrín Björg Þórisdóttir

skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2013 / 46

## A-Æskulýðsfylkingin á Akureyri

## A-Æskulýðsfylkingin á Akureyri

1947 - 1962

A	1	1	1947 - 1960	Fundargerðabók fyrir stjórnarfundir Æ.F.A.
A	1	2	1947 - 1960	Fundargerðabók málfundahóps Æ.F.A.
A	1	3	1962 - 1962	Reikningur fyrir leigu á Ásgarði.